



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 6. mars 2017, kl. 10.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Bjarni Þór Bjarnason í forföllum Rebekku Eiríksdóttur. Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 9. janúar 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1703002 - Ósk um leyfi til að setja niður skilti.

Erindi frá verkefnastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 24. janúar 2017, þar sem óskað er eftir leyfi til þess að setja niður skilti vegna umhverfissvæðis sveitarfélaga á Vestfjörðum, í Gilsfirði.

Nefndin er gerir engar athugasemdir við erindið, að öðru leyti en því að sækja þarf um leyfi hjá Vegagerðinni vegna staðsetningar skilta innan veghelgunarsvæðis. Nefndin leggur til að skiltinu verði komið fyrir á því svæði þar sem ekið er af Gilsfjarðarbrú inná Króksfjarðarnes. Samþykkt samhljóða.

3. 1703003 - Skráning menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja – skil á gögnum

Erindi frá Minjastofnun Ísland, dagsett 10. janúar 2017, þar sem óskað er eftir að sveitarfélög fari yfir gögn og sendi stofnuninni.

Nefndin vísar erindinu til meðferðar hjá byggingafulltrúa, samþykkt samhljóða.

4. 1703004 - Suðurbraut 10 139736, ný girðing og undirstöður undir gámastæðu.

Nefndin samþykkir framlögð drög byggingafulltúa að girðingu um endurvinnslusvæðið og byggingu sökkla undir aðstöðu fyrir sorpendurvinnslu og -móttöku. Samþykkt samhljóða.

5. 1503018 - Hellisbraut 72 139721, tillaga að lóð N1.

Nefndin samþykkir tillöguna og stofnun lóðar fyrir N1, að Hellisbraut 72. N1 hefur áður samþykkt framlagða tillögu. Samþykkt samhljóða.

6. 1703005 - Kirkjuból 139612, umsókn um stofnun nýrrar fasteignar, Kirkjuból – vegsvæði.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Kirkjuból – vegsvæði úr jörðinni Kirkjuból 139612, skv. umsókn um stofnun lóðar dagsett 1. mars 2012. Samþykkt samhljóða.

7. 1703006 - Miðhús 139644, umsókn um stofnun nýrra fasteignar, Miðhús – vegsvæði.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Miðhús- vegsvæði úr jörðinni Miðhús 139644 skv. umsókn um stofnun lóðar dagsett 15. 9. 2008. Samþykkt samhljóða.

8. 1703007 - Kvígindisfjörður 139635, umsókn um byggingarleyfi fyrir óupphitaðri skemmu.

Nefndin samþykkir byggingu ofangreindrar skemmu skv. fyrirbyggjandi gögnum, sem árituð er af öllum landeigendum. Samþykkt samhljóða.

9. 1701006 – Breyting á fjárhæð húsaleigu eigna í eigu sveitarfélagsins.

Vísað til umfjöllunar í nefndinni á fundi sveitarstjórnar þann 9. febrúar 2017.

Nefndin samþykkir framlagða gjaldskrá og reglur um úthlutun húsnæðis í Reykhólahreppi með smávægilegum breytingum. Nefndin samþykkir einnig matsblað vegna úthlutunar á íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

10. 1703021 - Auglýsing lóða, Tröllendi 1 og Tröllendi 2 í Flatey.

- 10.1 Staðfestingargjald umsókna.
- 10.2 Umsóknareyðublað.
- 10.3 Drög að auglýsingu.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi drög að auglýsingu, með smávægilegum breytingum. Staðfestingagjald vegna umsókna er samþykkt kr. 20.000,-. Nefndin samþykkir einnig fyrirbyggjandi umsóknareyðublað. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.20
